



Kennsluaðferðir leiklistar í frístund

LOKASKÝRSLA TIL SPROTASJÓÐS

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Fellaskóli

Nafn verkefnis: Kennsluaðferðir leiklistar í frístund

Nafn verkefnastjóra: Helga Ágústsdóttir/Bryndís Snorradóttir

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS-173, hlaut styrk skólaárið 2019-2020.

Markmið verkefnis:

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn var að innleiða kennsluaðferðir leiklistar í frístundastarf þannig að skapandi vinna með tungumálið verði órjúfanlegur hluti af skóladegi barna í 1. og 2. bekk Fellaskóla.

Leiðir sem valdar voru til að ná ofantöldu markmiði:

Í upphafi var tveggja klukkustunda fræðslufundur fyrir allt starfsfólk frístundar þar sem verkefnið var útskýrt og farið yfir markmiðið með því. Því voru allir vel meðvitaðir og jákvæðir fyrir því þegar sjálf kennslan hófst.



Tveir leiklistarkennrar frá Háskólanum komu tvívar í viku í 80 mín í senn þar sem unnið var með aðferð Sérfræðingskáunnar. Unnið var með þjóðsögur og ævintýri í gengum leiklist í 8 vikur. Kennsluaðferðin hentaði mjög vel í þeim nemendahóp sem sækir þjónustu í Vinafelli. Helsta hindrunin var hópastærðin því við vildum að allir

nemendur sem eru í 1. og 2. bekk tækju þátt í verkefninu en við leystum það með því að hafa fleira starfsfólk úr frístundarheimilinu með í hvert sinn.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Verkefnið gekk vel og náðu nemendur framförum í framkomu, orðaforða og tjáningu. Starfsfólk náði að tileinka sér aðferðina og keypti Vinafell þau hjálparögnum sem þurfti til að halda áfram með vinnuna innan frístundarheimilisins. Vegna Covid náðist ekki að keyra verkefnið í gegn í heild eftir að lærdómstíma lauk. En stefnt er af því að fara af stað í haust aftur.



Niðurstöður verkefnisins:

Mikilvægt var að fá þá sérfræðipekkingu frá Háskóla Íslands inn í frístundarheimilið til að kenna starfsfólki og nemendum á aðferðina. Mikilvægi skapandi vinnu með fjöltýngdum nemendum er ómetanleg sannaðist að með fjölbreyttari nágunum náum við til fleiri nemenda.

Áætlað er að kynna verkefnið fyrir læsisteymum Breiðholts á fræðsludegi LÆM vorið 2021. Verkefnastjóri verkefnisins Helga Ágústsdóttir hætti störfum hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts síðastliðið haust og tók Bryndís Snorradóttir deildarstjóri í Fellaskóla við verkefnastjórn.

Dagsetning: 22. júní 2020



Bryndís Snorradóttir
Undirskrift Verkefnistjóra



Helga Ágústsdóttir
BYK
Undirskrift skólastjóra ábyrðarskóla